

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar, nr. 1225/2022.

1. gr.

59. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Kjósa skal fimm bæjarfulltrúa sem aðalmenn og jafnmarga til vara. Aðal- og vara-fulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða sjálfkrafa varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

B. **Til tveggja ára.** Á fyrsta fundi í júní að afloknum bæjarstjórnarkosningum og tveimur árum síðar kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í:

1. *Stjórn Sorpu bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
2. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Velferðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Atvinnu- og nýsköpunarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Menningar- og lýðræðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
6. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
7. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Ungmennaráð.* Níu aðalmenn og jafnmargir til vara tilnefndir af eldri deildum grunnskólanna og Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Ungmennaráð kýs sér sjálft formann og varaformann þess.
9. *Yfirkjörstjórn og kjörstjórnir.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara og á sama hátt þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara í kjörstjórnir fyrir hverja kjördeild í samræmi við ákvæði kosningalaga. Yfirkjörstjórn kýs sér sjálf formann og varaformann. Yfirkjörstjórn ákveður skipan formanns og varaformanns undirkjörstjórna.
10. *Öldungaráð.* Sjö aðalmenn, þar af þrjú sem tilnefndir eru af Félagi aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos) og einn sem tilnefndur er af heilsugæslu Mosfellsumdæmis. Jafnmargir varamenn eru kjörnir með sama hætti.
11. *Notendaráð þjónustuvæðis Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps um málefni fatlaðs fólks.* Fjórir aðalmenn, þar af tveir sem tilnefndir eru af Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Jafnmargir varamenn eru kjörnir með sama hætti. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara eru kjörnir af sveitarstjórn Kjósarhrepps og þar af einn og annar til vara sem tilnefndur er af Landssamtökunum Þroskahjálp og/eða Öryrkjabandalagi Íslands.

D. **Til fjögurra ára.**

Fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð eða stjórnir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

1. *Almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í sameiginlega almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins, þ.e. Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Kópavogsbæjar, Seltjarnarnesbæjar, Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um og staðfestingu ráðuneytisins.
2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
3. *Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar.* Einn aðalmaður og einn til vara.

4. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. *Skólanefnd Borgarholtsskóla*. Einn aðalmaður og einn varamaður skv. 5. gr. laga nr. 92/2008.
6. *Skólanefnd Framhaldsskólans í Mosfellsbæ*. Tveir aðalmenn og tveir varamenn skv. 5. gr. laga nr. 92/2008.
7. *Stjórn skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins og Bláfjallafólkvangs bs*. Einn aðalmaður og einn varamaður.
8. *Stjórn SHS bs*. Einn varamaður. Bæjarstjóri er alltaf aðalmaður.
9. *Stjórn SSH*. Einn varamaður. Bæjarstjóri er alltaf aðalmaður.
10. *Svæðisskipulagsnefnd SSH*. Tveir aðalmenn.
11. *Fulltrúaráð Eirar*. Þrír aðalmenn og þrír varamenn.

E. **Til fimm ára.** Á reglulegum fundi bæjarstjórnar:

Umdæmisráð barnaverndar. Bæjarstjórn skipar þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum í samræmi við samkomulag um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum. Í ráðið skal skipa einn félagsráðgjafa, einn sálfræðing og einn lögfræðing, sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnvernd. Ráðsmaður þarf ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs en ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi.

F. **Verkefnabundnar nefndir.**

Bæjarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

2. gr.

Í samræmi við heimild í 65. gr. samþykktarinnar er lagður til nýr viðauki III við samþykktina um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra velferðarsviðs í stað núverandi viðauka III um sama efni. Þá bætist við nýr viðauki, viðauki IV, um fullnaðarafgreiðsluheimild barnaverndar Mosfellsbæjar.

Viðaukarnir eru birtir með samþykkt þessari.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett skv. 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 30. mars 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI III

Embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra velferðarsviðs.

1. gr.

Framkvæmdastjóri velferðarsviðs afgreiðir, án staðfestingar bæjarstjórnar, mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, og skilgreind eru sem verkefni velferðarnefndar, sbr. heimild í 65. gr. samþykktar þessarar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, með síðari breytingum.

2. gr.

Bæjarstjórn framselur fullnaðarafgreiðsluvald til framkvæmdastjóra velferðarsviðs, sbr. 1. gr., í eftirtöldum málum samkvæmt:

- a. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
 1. Fjárhagsaðstoð, skv. 2. lið 2. gr. og 19. gr. laganna.
 2. Stuðningsþjónustu, skv. 25., 26., 27., 28., og 29. gr. laganna.
 3. Notendasamningi, skv. d-lið 28. gr. laganna.
 4. Akstursþjónustu, skv. 29. gr. laganna.
 5. Sérstökum húsnæðisstuðningi, skv. 45. gr. laganna.
 6. Úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis, skv. 46. gr. laganna.
- b. Lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
 1. Stoðþjónustu, skv. 4. lið 1. mgr. 1. gr. og 8. gr. laganna.
 2. NPA-samningum, skv. 6. lið 1. mgr. 2. gr. laganna og reglugerð nr. 1250/2018.
 3. Stuðningsfjölskyldum, skv. 15. gr. laganna.
 4. Notendasamningum, skv. 5. lið 1. mgr. 2. gr. og 10. gr. laganna.
 5. Skammtímadvöl, skv. 17. gr. laganna og reglugerð nr. 1037/2018.
 6. Sumardvöl, skv. 18. gr. laganna.
 7. Hæfispjálfun og vinnustofum, skv. 2. lið 1. mgr. 8. gr. og 22., 23., 24. og 25. gr. laganna.
 8. Búsetu/húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, skv. 9. gr. laganna og reglugerð nr. 370/2016 og 1039/2018.
 9. Heimilum fyrir börn, skv. 21. gr. laganna og reglugerð nr. 1038/2018.
 10. Frístundaþjónustu, skv. 16. gr. laganna.
- c. Lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.
 1. Dagdvöl, skv. 3. lið 1. mgr. 13. gr. laganna.
 2. Akstri í dagdvöl.
 3. Heimsendingu á fæði.

3. gr.

Framkvæmdastjóri velferðarsviðs getur ávallt óskað eftir því að velferðarnefnd taki ákvörðun í máli skv. 2. gr.

Eftir að framkvæmdastjóri velferðarsviðs hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til velferðarnefndar.

4. gr.

Afgreiðslur framkvæmdastjóra velferðarsviðs skv. 2. gr. þessa viðauka skulu kynntar velferðarnefnd með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári án persónugreinanlegra upplýsinga.

VIÐAUKI IV

Fullnaðarafgreiðsla mála hjá barnavernd Mosfellsbæjar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

I. KAFLI

Skilgreiningar og grundvöllur.

1. gr.

Grundvöllur.

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum („bvl.“). Í samþykkt þessari er þar til greindum starfsmönnum barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndar-

málum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. barnaverndar hefur deildarstjóri eða framkvæmdastjóri velferðarsviðs heimild til að taka slíka ákvörðun. Framkvæmdastjóri getur tekið ákvarðanir og gegnt hlutverkum sem eru á valdi deildarstjóra samkvæmt samþykkt þessari í hans fjarveru.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum.

Deildarstjóri er stjórnandi barnaverndar Mosfellsbæjar.

Meðferðarfundur er fundur teymis barnaverndarþjónustu, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls.

Ráðgjafi er starfsmaður barnaverndar Mosfellsbæjar og telst til sérhæfðs starfsfólks í skilningi 3. mgr. 11. gr. bvl. Ráðgjafi ber eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi í barnavernd eða ráðgjafi í barnavernd.

Framkvæmdastjóri er stjórnandi (framkvæmdastjóri) velferðarsviðs.

Teymi barnaverndarþjónustu samanstendur af sérhæfðum starfsmönnum barnaverndarþjónustu, þar með töldum deildarstjóra.

Tilkynningarfundur er vikulegur fundur deildarstjóra og teymis barnaverndarþjónustu þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til ráðgjafa. Í fjarveru deildarstjóra getur framkvæmdastjóri eða tiltekinn ráðgjafi stýrt fundi fyrir hans hönd og tekið ákvarðanir í hans umboði.

3. gr.

Heimildir og umboð.

Í forföllum eða fjarveru deildarstjóra leysir tiltekinn ráðgjafi eða framkvæmdastjóri hann af.

4. gr.

Starfslið.

Framkvæmdastjóri, í samráði við deildarstjóra, ræður starfslið barnaverndarþjónustu.

Deildarstjóra er heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Deildarstjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er deildarstjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna.

Deildarstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í Mosfellsbæ. Sömuleiðis getur deildarstjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. bvl.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun, skv. 31. gr. bvl., vegna barns sem statt er í Mosfellsbæ en hefur fasta búsetu annars staðar getur ráðgjafi, í samráði við deildarstjóra, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla bvl., framkvæmt hana. Ráðgjafi skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

II. KAFLI

Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

6. gr.

Nafnleynd.

Tilkynnandi skv. 16. gr. bvl. skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu

á nafnleynd getur deildarstjóri eða framkvæmdastjóri tekið ákvörðun um að synja um afléttingu nafnleyndar.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur deildarstjóri eða framkvæmdastjóri tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur deildarstjóri eða framkvæmdastjóri óskað lögreglu-rannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls.

Þegar tilkynning berst skal ráðgjafi eða deildarstjóri taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vísa máli til tilkynningarfundar til ákvarðanatöku.

Deildarstjóri, eða tilnefndur ráðgjafi í fjarveru hans, tekur ákvörðun á tilkynningarfundi um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Deildarstjóri, eða tilnefndur ráðgjafi í fjarveru hans, tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 4. mgr. 21. gr. bvl. og bókar þar um.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur ráðgjafi, að höfðu samráði við deildarstjóra, heimild til að hefja könnun án þess að tilkynningarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar deildarstjóri málinu til ráðgjafa.

8. gr.

Úthlutun annarra mála.

Mál sem heyra undir barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla bvl. skal deildarstjóri úthluta til ráðgjafa.

9. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal ráðgjafi, að höfðu samráði við deildarstjóra, taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Könnun máls.

Ráðgjafi sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. bvl. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáradila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Ráðgjafi fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. bvl. Ráðgjafi tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber ráðgjafa við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundi um hvort loka eigi málinu eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr. bvl.

11. gr.

Lögreglu-rannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur ráðgjafi, í samráði við deildarstjóra, ákvörðun um að óska lögreglu-rannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáradila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun skv. 31. gr. bvl. sem heyrir undir barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar getur ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla bvl.

Með samþykki forsjáraðila getur ráðgjafi tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra. Deildarstjóra skal gert viðvart um ráðstöfunina.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga tekur til er ráðgjafa heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. laganna, að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu. Deildarstjóra skal gert viðvart um ákvörðunina.

III. KAFLI

Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.

13. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Ráðgjafi, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. barnaverndar Mosfellsbæjar.

Ráðgjafi skal, í samráði við deildarstjóra, gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd og 4. mgr. 23. gr. bvl.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, tekur ákvörðun um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli bvl.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar.

Ráðgjafi skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Ráðgjafi getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. bvl., sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Ráðgjafi og deildarstjóri geta, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. barnaverndarþjónusta Mosfellsbæjar taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- b. barnaverndarþjónusta Mosfellsbæjar taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a- og b-lið skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal ráðgjafi fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna-

og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. bvl., sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. bvl., ganga frá áætlun um trygga umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. bvl., koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera samning um umgengni, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð gegn vilja foreldra og/eða barns sem er 15 ára eða eldra í samræmi við 26.-29. gr. bvl. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um hvort gera skuli kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. bvl. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, tekur afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. bvl. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, tekur ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. bvl. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

21. gr.

Fyrirsvar vegna dómsmála.

Framkvæmdastjóri velferðarsviðs fer með fyrirsvar barnaverndarþjónustu fyrir dómi. Deildarstjóri, að höfðu samráði við ráðgjafa, tekur nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi mats dómkvaddra matsmanna o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af framkvæmdastjóra í fjarveru deildarstjóra.

IV. KAFLI

Ráðstöfun barna í fóstur.

22. gr.

Fóstur.

Ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla bvl. Þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. bvl. og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013 um greiðslur vegna barna í fóstri. Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi sbr. 68. gr. bvl., svo sem forsjárskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstri, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.

Ráðgjafi sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Ráðgjafi velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ráðgjafi undirbýr barn undir við-

skilnað við foreldra. Ráðgjafi skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað foreldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar geta ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins eða fela því forsjá barnsins, sbr. 67. gr. a. bvl.

25. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir foreldrar fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. bvl. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. bvl. taka ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, ákvörðun um að hitt foreldrið eða aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

26. gr.

Fóstursamningur.

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal ráðgjafi ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. barnaverndar Mosfellsbæjar.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal ráðgjafi meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. bvl. og taka ráðgjafi og deildarstjóri ákvörðun um það að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ákvörðun getur falið í sér að breyta fóstursamningi, halda honum óbreyttum eða fella hann úr gildi. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

Greiðslur til fósturforeldra.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarþörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fóstri með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr.

Slit fóstursamnings.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur barnaverndarþjónusta Mosfellsbæjar, með rökstuddri ákvörðun, breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi.

29. gr.

Framfærsluskýlda foreldra.

Ráðgjafi, að fengnu samþykki deildarstjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar

nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum geta ráðgjafi og deildarstjóri, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti.

30. gr.

Umgengni í fóstri.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal ráðgjafi hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við foreldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni geta ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, farið fram á að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. bvl.

V. KAFLI

Málsmeðferð barnaverndarmála.

31. gr.

Aðgangur að gögnum máls.

Deildarstjóri og/eða framkvæmdastjóri, að höfðu samráði við ráðgjafa, taka ákvörðun um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. bvl. Sú ákvörðun er kærnanleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

32. gr.

Aðstoð lögmanns.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. bvl.

Deildarstjóri og framkvæmdastjóri, að höfðu samráði við lögfræðing, taka ákvörðun um greiðslu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. bvl. og í samræmi við reglur Mosfellsbæjar um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar sbr. 47. gr. bvl.

33. gr.

Sérstaða barnaverndarþjónustu.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er hvorki sveitarstjórn né velferðarnefnd heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn eða velferðarnefnd ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né að taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

VI. KAFLI

Úrræði á ábyrgð sveitarfélagsins.

34. gr.

Sumardvöl fyrir börn.

Ráðgjafi eða deildarstjóri skal sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl fyrir börn í umdæmi Mosfellsbæjar, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004, sbr. reglugerð nr. 1666/2022. Þegar ráðgjafi hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun.

35. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Ráðgjafi eða deildarstjóri skal sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda, sbr.

8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. bvl. og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004, sbr. reglugerð nr. 1666/2022. Þegar ráðgjafi hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsógnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

36. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar.

Ráðgjafi skal sjá um að gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr.

Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.

Deildarstjóri getur gert samninga við starfseiningar eða stofnanir Mosfellsbæjar til að sjá um afgreiðslu umsókna, gerð umsagna, öflun leyfa, gerð greinargerða, gerð samninga og annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. KAFLI

Umsagnarmál.

38. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.

Ráðgjafi annast könnun mála vegna umsagnar barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga nr. 130/1999, um ættleiðingar. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög.

Endurupptaka.

39. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá framkvæmdastjóra með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji framkvæmdastjórinn að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal barnaverndarþjónusta Mosfellsbæjar taka málið upp að nýju. Hafi framkvæmdastjóri komið að fyrri ákvörðun skal bera endurupptöku undir lögmann Mosfellsbæjar. Við birtingu ákvörðunar skal aðili upplýstur að um fullnaðarákvörðun sé að ræða skv. 12. gr. bvl. Að öðru leyti skal gæta ákvæða 20. gr. stjórnsýslulaga.